

Fundur skólaráðs Hofsstaðaskóla þriðjudaginn 27. apríl 2010

Fundinn sátu: Kristbjörg, Vala, Óskar Þór, Daníela, Vésteinn, Anna Magnea, Agnes, Ragnheiður, Margrét H. og Hafdís Bára.

1. Skólastjóri setti fundinn kl. 14:35 og bauð upp á poppkorn og gosdrykki í tilefni þess að nýir fulltrúar nemenda taka nú sæti í skólaráðinu. Daníela Rán Pálsdóttir 6. HK og Vésteinn Örn Pétursson 6. ÖM taka við af þeim Helgu Þöll Guðjónsdóttur og Óskari Þór Þorsteinssyni. Skólastjóri þakkaði fráfarandi fulltrúum fyrir vel unnið frumkvöðlastarf og bauð nýja fulltrúa velkomna.
2. Eineltismál. Kistrún Sigurðardóttir deildarstjóri eldri deilda kynnti niðurstöður úr nýrri könnun á einelti í Hofsstaðaskóla. 6,7% nemenda telja sig verða fyrir einelti. Fimm eineltismál hafa verið tilkynnt á þessu skólaári en þau voru 12 í fyrra. Nokkrar umræður sköpuðust í framhaldi af kynningunni og töku fulltrúar nemenda virkan þátt í þeim. Helstu niðurstöður verða kynntar nemendum af umsjónarkennurum. Fimmtudaginn 29. apríl er síðan fundur með eineltisteynum og stjórnendum grunnskóla og félagsþjónustunnar í Garðabæ þar sem fjallað verður almennt um eineltisáætlanir og viðbrögð við einelti í grunnskólum. Einnig verða kynntar niðurstöður kannana úr öllum grunnskólum. Skólaráðið fær þær niðurstöður sendar að fundinum loknum.
3. Sjálfsmat Hofsstaðaskóla. Skólastjóri lagði fram sjálfsmatsskýrslu fyrir árið 2009 og kynnti helstu þætti hennar. Hún sagði einnig frá vinnu við stefnumótun og s.k. SVÓT greiningu sem er í vinnslu í Hofsstaðaskóla. Í framhaldi af því verður tekið upp stefnumiðað árangursmat.
4. Húsnaðismál. Ragnheiður fulltrúi kennara kynnti áform um samþyggingu Hofanna, færانlegu kennslustofanna við skólann. Bæjaryfirvöld hafa samþykkt að tengja þau saman með sameiginlegri forstofu en starfsmenn Hofsstaðaskóla vilja að viðbyggingin verði stærri svo hún rými fjölbreytt skólastarf. Þar verðir gert ráð fyrir hópavinnu og afdrepi fyrir nemendur. Ekki eru uppi áform um að ljúka byggingu Hofsstaðaskóla þrátt fyrir mikla fjölgun nemenda og að nú séu í notkun fimm færانlegar kennslustofur við skólann. Nemendum hefur fjöldað um 40 frá því í febrúar 2009. Áætlaður nemendafjöldi haustið 2010 er 424 nemendur.
5. Skipulag næsta skólaárs. Litlar breytingar verða á starfsliði skólans. Nokkrir starfsmenn koma til baka úr leyfi. Lagt er til að fjölga skólaliðum um einn. Þegar niðurröðun kennara á bekki liggur fyrir verður það kynnt foreldrum.
6. Erindi frá fræðslufundi foreldra. Skólastjóri lagði fram spurningar sem komu fram á fræðslufundi með foreldrum í mars sl. Finna þarf vettvang til þess að svara þeim þannig að foreldrar sjái.
7. Bekkjarsjóðir. Skólaráð hefur áður fjallað um heimildir til þess að foreldrar greiði fyrir atburði í skólanum og í framhaldi af því hefur verið rætt um hóflega bekkjarsjóði. Skólastjóri hefur rætt það við skólaskrifstofu sem tekur ekki vel í það erindi.
8. Skólastjóri sagði frá því að mánudaginn 12. apríl s.l.v arð óhapp í matsal þar sem nemandi brenndist mjög illa vegna þess að sjóðandi heitt vatn helltist niður á hann. Vatnið var í núðlusúpu sem nemandinn kom með í nesti. Mikið hefur verið rætt um hvort banna ætti núðlusúpu en ljóst að það geta alltaf orðið óhöpp og aldrei er of oft brýnt fyrir nemendum og öðrum að fara varlega. Skólinn ætlar því ekki að banna núðlurnar að svo stöddu en leggur áherslu á umræður um hættuna sem skapast getur. Kennrarar hafa fjallað um þetta með nemendum og áfram verður því haldið á fundum með foreldrum í haust.

9. Nýir fulltrúar foreldra. Skólastjóri afhenti yfirlit um það hvernig standa beri að kosningu nýrra fulltrúa í skólaráð og ljóst er að breyta þarf lögum foreldrafélagsins til þess að það verði hægt.

Tekin mynd af ráðinu til birtingar með frétt um nýja fulltrúa nemenda. Fundi slitið kl. 16:00
Hafdís Bára Kristmundsdóttir